

## **20. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 18. desember kl. 17:00 á heimili Einars Ólafssonar, Ritara.**

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Friðbjörn Möller gjaldkeri, Halla Kari Hjaltested formaður tækninefndar kvenna og Guðjón Guðmundsson, formaður tækninefndar karla, boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl. 17.10.

Dagskrá

### **1. Starfsreglur fyrir fjáröflunar- og markaðsnefnd**

Farið yfir þær reglur sem gilda fyrir fastanefndir og koma fram í lögum FSÍ 18. grein. Lagðar fram starfsreglur fyrir fjáröflunar- og markaðsnefnd og tillögur um nefndarmenn sem yrðu þá Einar Ólafsson formaður, Arnar Ólafsson, Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir, Óðinn Svan Geirsson og Sólveigu Arnardóttur.

Málið rætt

**Stjórn FSÍ samþykkir starfsreglur um fjáröflunar og markaðsnefnd og skipun nefndarinnar. Framkvæmdastjóri boðar til fyrsta fundar.**

### **2. Starfsreglur fyrir upplýsingatækninefndar FSÍ**

Farið yfir þær starfsreglur sem liggja fyrir um upplýsingatækninefnd.

Málið rætt

**Stjórn FSÍ samþykkir starfsreglur fyrir upplýsingatækninefnd og óskar eftir að nefndin taki til starfa. Framkvæmdastjóra er falið að útbúa erindisbréf fyrir nefndina, formanni og Jósep Húnfjörð falið að finna fólk í nefndinni.**

### **3. starfsmerki og aðrar heiðursveitingar fyrir árið 2012**

Óskað var eftir tilnefningum frá félögum varðandi starfsmerki, gullmerki og afreksmerki FSÍ. Nokkur félög sendu inn tilnefningar.

Málið rætt

**Formanni, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra landsliðsmála falið að vinna málið áfram ásamt skipulagningu á uppskeruhátíð FSÍ sem verður 8. janúar 2012 í húnsæði Arion banka, aðalstyrktaraðila fimleikasambandsins.**

Til kynningar.

1. fundargerð FFA 27.nóv

Fundi slitið kl.18:40.